


Jarðskjálftahrina á Norðurlandi

Áhrif jarðskjálfta á váttryggð verðmæti

Samkvæmt samningi NTÍ við Jarðskjálftamiðstöðina á Selfossi, fær NTÍ mælingar úr svokölluðu hröðunarmælakerfi. Kerfið mælir yfirborðshröðun af völdum jarðskjálfta og samanstendur af mælum sem staðsettir eru á Norðurlandi, Suðurlandi og á Reykjanesi. Yfirborðshröðun (% af g, m.ö.o. hlutfall af þyngdarhröðun jarðar) er algengasti mælikvarðinn til að meta álag sem húseignir og innbú (lausafé) verður fyrir í jarðskjálftum. Hægt er að nota slíkar mælingar til að áætla hvort líklegt sé að tjón hafi orðið. Tjónnæmi húseigna og innbús á Íslandi hefur verið mikið rannsakað af hálfu NTÍ m.a. í samstarfi við íslenska og erlenda vísindamenn. Við rannsóknirnar hefur verið byggt á yfir 10.000 tjónaskoðunum sem gerðar hafa verið í tengslum við tjónamat fyrir NTÍ á síðustu tveimur áratugum. Meðal annars hefur verið rannsakað hve mikið húseignir og innbú skemmist eftir því hver yfirborðshröðun hefur mælst í viðkomandi jarðskjálfta. Rannsóknir og reynsla NTÍ bendir til að afar ólíklegt sé að skemmdir verði þar sem yfirborðshröðun er undir 5% af g. Ef yfirborðshröðun er á bilinu 5-10% af g, eru litlar líkur á skemmdum, en ef yfirborðshröðun er um eða yfir 10% af g, geta skemmdir komið fram á húseignum og lausamunir hrunið úr hillum. Líkur á skemmdum og alvarleiki þeirra eykst síðan eftir því sem yfirborðshröðun eykst. Í jarðskjálftunum árið 2000 og 2008 mældist víða mikil yfirborðshröðun, allt að 84% af g, enda urðu miklar skemmdir á eignum í þeim atburðum.

M_{5,6} 20. júní 2020




Á síðustu dögum hafa orðið um 1600 jarðskjálftar út af Norðurlandi, þar af þrjár skjálftar stærri en fimm. Fyrst varð skjálfti af stærðinni 5,4 kl. 15:05 þann 20. júní. Mesta yfirborðshröðun skjálftans mældist á Siglufirði, rúmlega 5% af g í um 22 km fjarlægð frá upptökum. Sama dag, kl. 19:26 var skjálfti af stærðinni M_{5,6}. Mesta mældu yfirborðshröðun var einnig á Siglufirði, rúmlega 7% af g og voru upptök hans í 19 km fjarlægð frá mælinum.

Loks varð skjálfti kl. 19:07 þann 21. júní af stærðinni M_{5,8}. Af þessum þremur skjálftum var sá skjálfti í mestri fjarlægð frá byggð og mældist yfirborðshröðun mest í Grímsey, rúmlega 3% af g, í um 33 km frá upptökum en 2% af g mældist á Siglufirði í um 36 km fjarlægð frá upptökum. Áhrif á öðrum mælistöðum var minni eins og sjá má á meðfylgjandi myndum. Mælingarnar nú gefa því til kynna að ólíklegt sé

að tjón hafi orðið á húseignum eða innbúi, þó ekki sé hægt að útiloka einstaka minniháttar tjón á eignum sem standa næst upptökum skjálftanna. Upptök skjálftanna eru nokkuð frá landi og stærð þeirra a.m.k. enn sem komið er ekki þannig að hætta sé á teljandi tjóni á eignum.

M_{5,8} 21. júní 2020



Út frá reynslu NTÍ má telja fremur ólíklegt að teljandi skemmdir verði í jarðskjálftum upp að stærðinni M_{6,0} ef upptök hans eru í meira en 15-20 km fjarlægð. Jarðskjálfti af stærðinni M_{6,5} gæti hins vegar valdið teljandi skemmdum á eignum í allt að 25 km fjarlægð frá upptökum.

Algengt er að fólk hugi betur að váttryggingum á sínum eignum þegar atburðir á borð við þá sem átt hafa sér stað síðustu daga standa yfir og velti fyrir sér stöðu sinni ef atburðirnir koma til með að valda eignatjóni. Á Íslandi er skyldutrygging á öllum húseignum og nemur váttryggingarfjárhæð brunabótamati eignarinnar. Það er því mikilvægt að brunabótamat eignarinnar endurspegli raunverulegt byggingarverð eignarinnar og innifeli viðbætur og endurbætur sem kunna að hafa verið gerðar á eigninni. Telji eigendur að brunabótamat sé ófullnægjandi er hægt að óska eftir endurmati hjá Þjóðskrá Íslands.

Varðandi innbú og lausafé gegnir aðeins öðru máli. Þar er aðeins skylt að greiða iðgjald til Náttúruhamfaratryggingar Íslands af brunatryggðu innbúi og lausafé. Með öðrum orðum er ekki skylt að váttryggja gegn náttúruhamförum nema viðkomandi hafi gilda brunatryggingu. Það er því full ástæða til að vekja athygli á því að innbú og lausafé er ekki váttryggt gegn náttúruhamförum nema því aðeins að það sé brunatryggt og váttryggingarfjárhæð (hámarks bætur) takmarkast við brunatryggingarfjárhæðina. NTÍ vill benda þeim sem eiga innbú og lausafé að kanna stöðu sína í samráði við sitt váttryggingafélag.

Í tjónum sem NTÍ bætir af völdum náttúruhamfara er eigin áhætta váttryggðs 2% af heildartjóni, en að lágmarki kr. 400.000,- á húseignum og kr. 200.000,- á lausafé. Nánari upplýsingar um váttryggingavernd vegna náttúruhamfara má nálgast á heimasíðu NTÍ, www.nti.is og í síma 575-3300.